

Hreindýraráð.

Umhverfisnefnd Alþingis, 13. des. 2002

405. mál, verkefni Umhverfisstofnunar

Samkvæmt lögum "um vernd, friðun og veiðar" með áorðnum breytingum er skylt að veiðimaður hreindýra hafi með sér á veiðum "leiðsögumann". Þannig er ljóst að hreindýraveiðar eru ekki mögulegar nema að uppfylltu þessu skilyrði. Stofnað verður félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum þann 07. 02. 2003 (kl. 11). 83 einstaklingar hafa nú réttindi til að starfa sem leiðsögumenn á þessu sviði og verða allir boðair á stofnfundinn. Þar sem veiðarnar geta ekki farið fram öðruvísi en með leiðsögn, lítur sá sem þetta sendir svo á að fulltrúi leiðsögumanna eigi fullt erindi í hreindýraráð með öllum réttindum og skyldum sem því fylgja. Framkvæmd veiðanna hvílir að öllu leiti á leiðsögumönnum í nánu samstarfi við starfsmann ráðsins þannig að rödd og skoðanir þeirra eru "lykilatriði" við þennann hluta í starfssemi ráðsins. Hvernig þessu verður komið fyrir í frumvarpinu er spurning þegar þetta er svona langt komið. Bent er á að það verður eitt að aðalmálum félagsins að leiðsögumenn komi að öllum ákvarðanatökum sem að hreindýraveiðum koma enda þær ekki mögulegar án þeirra. Ákvæði um aðkomu leiðsögumanna að þessum málum verður því að vera til staðar í lögum þessum. Á þetta vil ég benda í fullri vinsemd og von um jákvæð viðbrögð.

Skúli Magnússon.